

BORGARRÁÐ

Ár 2023, fimmtudaginn 16. mars, var haldinn 5699. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:03. Viðstödd voru, auk borgarstjóra, Einar Þorsteinsson, Alexandra Briem, Hildur Björnsdóttir, Pawel Bartoszek, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir og Sanna Magdalena Mörtudóttir. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Kolbrún Baldursdóttir og Líf Magneudóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Bjarni Þóroddsson, Ebba Schram og Þorsteinn Gunnarsson. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. mars 2023, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs á kynningu á lýsingu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna skotæfingasvæði á Álfsnesi, ásamt fylgiskjölum.
- Kl. 9:05 tekur Heiða Björg Hilmisdóttir sæti á fundinum.

Samþykkt með sex atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn atkvæði borgarráðsfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands.

Málið fer til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar með vísan til 2. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið ásamt Haraldi Sigurðssyni sem tekur sæti á fundinum með rafrænum hætti. USK23030130

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Nú stendur yfir vinna starfshóps um að finna því skotæfingasvæði sem nú er á Álfsnesi nýjan stað til framtíðar. Breyting á aðalskipulagi árið 2021 átti að tryggja að núverandi starfsemi gæti verið þar áfram tímabundið á meðan nýr staður væri fundinn. Sú heimild virðist ekki hafa dugað til, því er hér lögð til skýrari tímabundin heimild, með ákveðnum skilyrðum.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks samþykkja breytinguna í ljósi þess að hún er einungis tímabundin ráðstöfun. Í framhaldinu þarf að finna skotæfingasvæðinu framtíðarstaðsetningu án tafar, í góðu samstarfi og samráði við skotveiðifélögin. Mikilvægt er að fyrirbyggjandi breyting verði kynnt vel fyrir almenningi, vandað til verka við umhverfismat og samráðs við hagsmunaaðila gætt.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúar á svæðinu hafa greint frá mikilli hávaðamengun sem fylgir starfsemi skotæfinga. Í ljósi þess getur fulltrúi sósíalista ekki samþykkt þessa tillögu. Þá er einnig mikilvægt að koma í veg fyrir mengun sem kann að fylgja starfseminni.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Með þessari verklýsingu eru boðaðar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040 til að skapa skilyrði fyrir starfsemi skotfélaga til skemmri tíma á meðan fundin er framtíðarstaðsetning fyrir félögin. Flokkur fólksins óttast að hér verði ekki um að ræða til „skemmri tíma“. Það mun vissulega byggjast á Sundbraut og þeim iðnaði sem stefnt er að stilla upp þarna. Minnt er á að úrskurðurinn um að fella leyfin úr

gildi var ekki að ástæðulausu. Í sextán ár hafa íbúar Kjalarness mátt þola hljóðmengun auk þess sem blý hefur safnast í jarðveginn, sjóinn og á ströndina og líklega í fuglum. Skothvellir eru enginn venjulegur hávaði. Gönguleiðin á Esjuna er í 700 m fjarlægð og bergmál skothvella mikið. Einhverjar leiðir hafa verið nefndar sem mótvægisáðgerðir en áhrif þeirra eru óljós. Fulltrúi Flokks fólksins hefur staðið með íbúaráðinu og íbúum sem mótmæla því að þessi starfsemi sé þarna og vill að viðeigandi svæði verði fundið fyrir þessa íþrótt. Hér er um íþrótt að ræða sem er óvenjuleg að því leyti að mikil neikvæð umhverfisáhrif hljóttast af henni og er hún skaðleg fólki, lífríki og náttúru. Flokkur fólksins er ekki tilbúinn að fórna svo stóru útivistarsvæði fyrir fámennan hóp skotveiðimanna.

2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. mars 2023, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir í eftirfarandi nýbyggingahverfum 2023; Úlfarsárdal, Reynisvatnsási, Norðlingaholti, Höllum, Hlíðarenda, Kirkjusandi og Sléttuvegi.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23030145

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 13. mars 2023, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða tillögu nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar, dags. 9. mars sl., að skipan fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS22060144

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins áttu sæti í tilnefningarnefnd og telja skipunina að mörgu leyti mjög góða. Þó er sá annmarki að annar þeirra tveggja aðila sem hér er verið að skipa er sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs (FAS). Viðkomandi er sannarlega mjög hæf og ýmis ágætis sjónarmið að baki þeirri skipun. Hins vegar hafa sambærilegar skipanir í sögulegu ljósi ekki veitt góða raun sökum þess að erfitt er að tryggja ásýnd hlutleysis í ákvörðunartöku embættismanna þegar þeir sitja sjálfir í þeim nefndum sem eiga að heyra undir eftirlitshlutverk starfstöðu þeirra. Sviðsstjóri er mjög mikilvæg staða innan borgarinnar þá sérstaklega hvað varðar eftirlitshlutverkið. Núverandi sviðsstjóri hefur gegnt þeirri stöðu með sóma og henni er vel treyst af öllum borgarfulltrúum. Það er virkilega verðmætt og fulltrúum Sjálfstæðisflokksins mikilvægt að standa vörð um það traust og munu því ekki kjósa með þessari skipun sviðsstjóra FAS.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 14. mars 2023, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða tillögu að loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið, dags. september 2022, sbr. beiðni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þess efnis frá 9. mars sl. ásamt því að veita borgarstjóra umboð til að skrifa undir loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið og yfirlýsingu um áframhaldandi samstarf sveitarfélaganna vegna innleiðingar stefunnar.

Samþykkt.

Vísað til borgarstjórnar.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Jón Kjartan Ágústsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

- Kl. 9:42 vikur Einar Þorsteinsson af fundinum. USK22010115

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Eyðilegging náttúru af mannavöldum, loftslagsbreytingar og mengun eru afleiðing kapítalismans, þess að auðvaldið hefur fengið að ráða ferðinni og farið sínu fram. Frumforsenda þess að vinna gegn loftslagsbreytingum og stöðva eyðileggingu náttúrugæða er að taka völdin af auðvaldinu. Það er stærsta aðgerðin í loftslagsmálum. Þegar lítið er til sveitarstjórnarstigsins þá eru vegasamgöngur stærsti þátturinn í kolefnisfótspori höfuðborgarsvæðisins og þar spilar bílaumferð stærstan hlut. Hér þarf að grípa til aðgerða til að tryggja að almenningssamgöngur séu áreiðanlegar. Hljóð og mynd fara ekki saman hjá borgaryfirvöldum og byggðasamlögum þar sem stefnumótun hvetur íbúa til þess að nota strætó í stað bílsins en í reynd er staðan sú að almenningssamgöngur og umgjörðin í kringum þær eru mjög óáreiðanlegar. Þá eru einnig allskyns stefnur við lýði hjá borginni sem miða við að umhverfisvænar leiðir séu farnar í starfsemi borgarinnar, líkt og finna má í matarstefnu þar sem fjallað er um það markmið að matur sé framleiddur í nærumhverfi. Á sama tíma stendur til að útvísta matargerð frá leikskólum og þar með væntanlega stækka kolefnisfótsporið. Allar kerfisbreytingar þurfa að miða við hag almennings, þar sem rödd þeirra stýrir breytingum í loftslagsmálum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lítið er út á stefnuna að setja, þ.e. orðin á blaðinu. Það er hins vegar hvernig unnið er að henni sem má setja spurningarmerki við. Markið er sett á kolefnishlutleysi borgarinnar fyrir árið 2040. Draga á úr losun og áhersla verður einnig lögð á kolefnisbindingu. Á þessum sviðum er alltof hægt unnið. Hvar er t.d. kolefnisbindingin nema í fokdýrum lausnum sem er niðurdæling kolefnis? En ódýru aðferðinni sem er að rækta skóg er hafnað, sbr. tillögu Flokks fólksins um skógrækt til kolefnisjöfnunar frá Rauðavatni og langleiðina að Hengli. Þar eru mörg svæði sem henta til skógræktar. Tillagan var ekki aðeins felld heldur kaus meirihlutinn að misskilja hana. Leggja þarf áherslu á að minnka sóun. Það eru einfaldlega engar líkur á kolefnishlutleysi 2040 með núverandi stefnu og verkhraða. Úrgangsmál eru í lamasessi og hver er tilgangurinn með breyttri landnotkun og fræðslu? Borg er borg og þar er land notað með ákveðnum hætti, því verður ekki breytt. Endurnýting þarf að vera virk. Nýta ætti allan glatvarma og sóun frá matvælageiranum. Mikið er talað um orkuskipti en minna gert til að flýta þeim. Samgöngur eru lítil hluti orkunotkunar. Ástæða er til að breyta vali á samgöngumátum með tilliti til losunar.

5. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 10. mars 2023, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki leigusamning vegna Ármúla 28-30, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt.

Óli Jón Hertervig tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22010003

6. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 13. mars 2023, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki leigusamning um Vatnagarða 28, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt.

Óli Jón Hertervig tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22110058

7. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 7. mars 2023, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki viðbótarleigusamning vegna hluta af aðstöðu á Laugardalsvelli, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt.

Óli Jón Hertervig tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
FAS23030017

8. Lögð fram að nýju tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingu á skipan Neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, sbr. 7. lið fundargerðar borgarráðs frá 2. mars 2023. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 14. mars 2023.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar gegn tveimur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins. MSS23020135

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokks, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar er virkjuð á hættustigi sem nær bæði yfir hættustig sem og neyðarstig almannvarna. Í henni sitja embættismenn, þ.e. borgarstjóri, borgarritari, sviðsstjórar flestra sviða og samskiptastjóri og hennar hlutverk er að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana til að forgangsraða lögbundinni þjónustu og samfélagslega mikilvægri starfsemi

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Líkt og fram kemur í greinagerð tillögunnar er það beinlínis hluti af starfssviði borgarfulltrúa að annast framkvæmd stefnu og hafa eftirlit með starfsemi sviðanna. Þegar upp kemur neyðarástand þarf stjórnvísan að vera kvik og geta brugðist hratt við. Það hlýtur því að vera ákveðið forgangsatíði að stytta boðleiðir og gera upplýsingamiðlun skilvirkari, sem er einmitt tilgangur tillögunar. Eðli málsins samkvæmt er í neyðarástandi jafnframt mun meiri hætta á að teknar séu illa ígrundaðar eða vanreifaðar ákvarðanir. Samkvæmt samþykktum eru borgarfulltrúar ábyrgir fyrir þeirri ákvörðunartöku og því skýtur það skökku við að borgarfulltrúar hafi enga aðkomu að neyðarstjórninni, heldur sé ákvörðunin þegar tekin og ætlast til að borgarfulltrúar leggi blessun sína yfir hana eftir á. Slíkur ferill hefur ekki gefið góða raun og núverandi fyrirkomulag sætti mikilli gagnrýni á síðasta kjörtímabili þegar á reyndi. Að borgarfulltrúar skuli ekki einu sinni fá að hafa áheyrnarfulltrúa er einfaldlega furðulegt. Í umsögn borgarritara var vísað í háttarlag annarra bæjarfélaga í þessum efnum. Það er vart samanburðarhæft þar sem hér er um að ræða stjórn höfuðstaðar Íslands og ólíkt nágrannasveitarfélögunum þar sem bæjarfulltrúarnir eru ekki í fullu starfshlutfalli og því eðlilegt að annað fyrirkomulag ríki þar. Því má ekki gleyma að íbúar kjósa borgarfulltrúa til að fara með valdheimildir í borginni, ekki embættismenn.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þetta er skynsamleg tillaga. Það er ávallt heillavænlegra ef minni- og meirihluti geta unnið saman. Betur sjá augu en auga. Minnihlutinn hefur ítrekað óskað samvinnu við meirihlutann og að fá aðkomu að ýmsum málum en verið hafnað. Hér er eitt dæmi slíks. Eins og neyðarstjórnin er samsett nú hafa kjörnir fulltrúar enga aðkomu að henni. Neyðarstjórnin varðar okkur öll og því sjálfsagt að deila ábyrgðinni.

9. Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um bættar samgöngur í Gufunesi, sbr. 38. lið fundargerðar borgarráðs frá 20. janúar 2022. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 14. mars 2023. Tillagan er felld með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands. MSS22010221

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Það sem hefur breyst á Gufunesi nýverið er að lagður hefur verið upplýstur göngu- og hjólastígur á milli Gufuness og Strandvegjar þar biðstöð Strætó er staðsett. Til skoðunar er að bæta við stígatengingum úr hverfinu til austurs og suðurs. Í Gufunesi er í dag þöntunarþjónusta á vegum Strætó bs. en það er sú tegund þjónustu sem virkar best miðað við íbúafjölda og notkun, en eftir því sem hverfið stækkar og íbúum fjölga liggur beint við að endurskoða þurfi þjónustustigið.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflakks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Þessi tillaga var lögð fram í janúar 2022 og kemur loks til afgreiðslu nú, rúmu ári síðar. Íbúar hafa margoft bent á nauðsyn þess að almenningssamgöngur fari inn í hverfið sem og að greiðfærar leiðir séu til staðar út úr hverfinu og að því. Rúmlega ári síðar kemur tillagan til afgreiðslu og frá þeim tíma hafa einhverjar breytingar verið gerðar en kostirnir sem er boðið upp á eru mjög takmarkaðir og óáreiðanlegir. Þanta þarf strætóferð með a.m.k. hálf tíma fyrirvara og ekki er hægt að greiða fargjald með reiðufé. Um helgar eru ferðir einungis á tveggja tíma fresti, nema á tímabilinu 12:38 til 15:15 þar sem um tvær og hálf klukkustund er á milli ferða. Ljóst er að staða almenningssamgangna í Gufunesi er ekki í takt við stefnumótunina sem sett var fram um vistvænt hverfi, þar sem ekki er hægt að reiða sig á áreiðanlegar almenningssamgöngur í og úr því hverfi.

10. Fram fer umræða um samvinnu sýslumanns höfuðborgarsvæðisins og Reykjavíkurborgar.

Sigríður Kristinsdóttir og Einar Jónsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
MSS23020169

11. Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um óháða úttekt á starfsemi SORPU, sbr. 32. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. mars 2023.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflakksins og Sósíalístaflakks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS23030056

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Búið er að vísa frá tillögu Flokks fólksins um að óháður aðili verði fenginn til að rannsaka stórfelld mistök fyrri stjórnar SORPU. Ein þeirra er móttökuflokkunarstöðin í Álfsnesi sem ákveðið hefur verið að loka. Milljarður er farinn í súginn. Varað var rækilega við að þessi framkvæmd myndi aldrei ganga en á það var ekki hlustað. Þáverandi stjórn lofaði vindflokunarvélina Kára í hástert og út úr ferlinu kæmi moltunarhæft lífrænt efni. Fjölmargir, þ.m.t. fulltrúi Flokks fólksins, bentu á að það væri útilokað að hreinsa lífrænan úrgang með þessari tækni. Það lá fyrir, svona fyrir flestum, að molta sem unnin er úr blandaðri tunnu gæti aldrei orðið söluhæf. Þetta vill meirihlutinn ekki láta rannsaka enda hafði hann sennilega aldrei efasemdir um að moltan sú yrði fínasta afurð. Flokki fólksins finnst meirihlutinn sýna með þessu að lítil virðing er borin fyrir skattfé borgarbúa. Það þykir í lagi að spila með peninga borgarbúa í alls kyns áhættufjárfestingar sem mörg dæmi eru um. Í þessu tilfalli var ákveðið að kaupa flokkunarkerfi sem vítað var að myndi ekki skila af sér nýtingarhæfu efni. Telst þetta að taka og sýna ábyrgð? Hver kaupir kerfi sem hann veit að mun ekki virka? Ferlið þarf að rannsaka.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Stutt er síðan farið var í úttekt á starfsemi Sorpu, en það var gert árið 2020.

12. Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úttekt á verklagi og vinnuháttum þjónustu- og nýsköpunarsviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. mars 2023.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar gegn tveimur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins. MSS23030058

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins lagði til að borgarráð samþykkti að gera úttekt á verklagi hjá þjónustu og nýsköpunarsviði og hvernig vinnuháttum hefur verið háttað þar innandyrá sl. 3-4 ár og hverju þeir fjármunir hafa skilað. Þessu er hafnað af meirihlutanum. Innri endurskoðun hefur á áætlun sinni úttekt á stafrænni innleiðingu en óttast er að hún verði afmörkuð, taki ekki á öllum þáttum. Mikil meðvirkni hefur ríkt með þennan málaflokk og hvaða vitleysisgangur sem er verið samþykktur gagnrýnislaust. Niðurlagning Borgarskjalasafns sem er undir þjónustu- og nýsköpunarsviði ber merki þess að hlutverk þjónustu- og nýsköpunarsviðs er komið úr böndum. Í stað þess að styðja sviðin við að koma rafrænum lausnum á koppinn er þjónustu- og nýsköpunarsvið farið að leggja niður stofnanir. Hvað næst? Verður kannski næsta skref að boða borgarskjalavörð á fund og skipa honum að taka poka sinn? Því miður var innri endurskoðun allt of lengi að taka við sér að gera úttekt á þjónustu- og nýsköpunarsviði. Slík úttekt er fyrirhuguð 2023 en hefði átt að eiga sér stað 2020. Fjármunir hafa streymt frá sviðinu en lítið er um afrakstur. Enn sárvantar lausnir á skóla- og frístundasviði. Þegar spurt hefur verið um ástæðu er sagt að sviðið sé ekki tilbúið, hafi ekki gert sig klárt.

13. Lagt fram svar skrifstofu borgarstjórnar, dags. 22. febrúar 2023, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um reglur vegna ritunar fundargerða hjá fyrirtækjum í eigu borgarinnar, sbr. 48. lið fundargerðar borgarráðs frá 29. október 2022. MSS23020147

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins kallaði eftir (í október 2022) reglum um fundargerðir, viðmið sem fyrirtækjum í eigu borgarinnar er ætlað að fylgja þegar kemur að fundargerðum. Ástæðan fyrir fyrirspurninni er t.d. að fundargerðir SORPU eru að verða æ rýrari svo erfitt er að átta sig á innihaldi umræðunnar. Stikkorðastíllinn er að verða knapparí. Fram kemur í svari að í gildi er auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1180/2021 um hvað skylt er að bóka, hvað var rætt, innihald umræðu, niðurstöður og hvernig atkvæði skipuðust. Þessum þáttum er iðulega ábótavant t.d. í fundargerðum SORPU og fleiri fyrirtækjum á vegum borgarinnar. Verst er að sjá oft ekkert um niðurstöður. Af þessu má draga þá ályktun að leiðbeiningum er ekki fylgt. Fulltrúi Flokks fólksins skorar á skrifstofu borgarstjórnar sem sinnir samræmingar- og eftirlitshlutverki með fundarritun ráða og nefnda Reykjavíkurborgar að hvetja stjórnir og fundarritara bs.-fyrirtækja borgarinnar að gera betur í fundargerðaskrifum. Það er ómögulegt að fundargerðir séu fátt annað en slitrótt stikkorð. Enda þótt fyrirtækjum og byggðasamlögum sé ekki skylt að fara eftir þeim reglum sem sveitarstjórn eru settar er ekki þar með sagt að þeim leyfist að skila af sér svo rýrum fundargerðum sem raun ber vitni í mörgum tilfellum.

14. Lögð fram fundargerð öldungaráðs frá 9. mars 2023. MSS23010025

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 2. lið fundargerðarinnar:

Flokkur fólksins tekur undir með öldungaráði í bókun þeirra um kynslóðakjarna sem hýsir margar kynslóðir, samfélag þar sem íbúar njóta stuðnings hver annars, grunnþörfum er fullnægt og gefst kostur á félagslegu samneyti ekki bara innan kynslóða heldur milli þeirra líka. Þetta er sniðug hugmynd og myndi henta mörgum. Í þróun eru 564 íbúðir fyrir eldra fólk, hluti af þeim verður í lífsgæðakjarna en öldungaráð vonar að kynslóðakjarni verði líka skoðaður í þeirri þróunarvinnu sem framundan er. Aðra hópa langar að hafa aðrar útfærslur, t.d. svæði sem tekur utan um allar þarfir og áhugamál þessara aldurshópa. Umfram allt er að það sé fjölbreytni í vali enda óskir og þarfir fólks ólíkar. Eins og staðan er núna bráðvantar úrræði og biðlisti er langur.

15. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Grafarvogs frá 6. mars 2023. MSS23010030

16. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Kjalarness frá 9. mars 2023. MSS23010032

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ferill þessa máls hefur verið afar óvenjulegur. Fyrst var engin heimild og svo var sett heimild og síðan kom úrskurður og nú er verið að gera aðalskipulagsbreytingar til að tryggja aðstöðu fyrir Skotfélag Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, meðan unnið er að því að finna framtíðarstað fyrir skotæfingar og íþróttamiðstöð skotiþróttar á höfuðborgarsvæðinu. Ötti Flokks fólksins er að dampurinn mun detta úr þeirri leit þegar búið verði að skapa tímabundna landnotkunarheimild og skilgreina núverandi skotæfingasvæði á Álfsnesi sem íþróttasvæði til skemmri tíma litið. Nokkrar mótvægisaðgerðir eru nefndar en engin vissa um hverju þær skila. Þetta er allt hið versta mál. Íbúar hafa barist lengi en mengun af skotiþróttinni er afar lýjandi og heilsuspillandi.

17. Lögð fram fundargerð innkaupa- og framkvæmdaráðs frá 9. mars 2023. MSS23010005

18. Lögð fram fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 13. mars 2023.
12. liður fundargerðarinnar er samþykktur. MSS23010011

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 10. lið fundargerðarinnar:

Breytingin felur í sér umtalsverðar breytingar á nærumhverfinu. Mestu áhyggjurnar eru af samnýtingu hallarinnar og óvissunni í því sambandi. Munu Ármann og Þróttur fá þarna tryggja aðstöðu? Munu nemendur og félög Laugardalsins fá þarna tryggja íþróttar- og æfingaaðstöðu? Ekki hefur lengi verið rætt við skólayfirvöld eða foreldra barna í Laugardal um þessi mál og þau aldrei hvorki spurð né boðið að borðinu þegar rætt er um samnýtingu. Fyrir liggur yfirlýsing frá aðalstjórn Þróttar og Glímufélagsins Ármanns þar sem fram kemur að mannvirkið eins og það er kynnt muni ekki leysa aðstöðuvanda íþróttafélaganna í dalnum. Það mun ekki anna þörf hverfisfélaganna fyrir æfingatíma fyrir börn, unglunga og meistaraflokka né æfingar félagsfólks og barna. Þessi félög sem hér eru nefnd munu mæta afgangi ef svo fer sem horfir. Flokkur fólksins vill að farð verði „aftur“ í umræðu um þessi mál strax þar sem ráðist verði í að tryggja aðstöðu hverfifélaganna í Laugardal enda um bráðamál að ræða. Flokkur fólksins hefur lagt fram eftirfarandi fyrirspurnir: Munu nemendur og félög Laugardalsins fá tryggja íþróttar- og æfingaaðstöðu í Þjóðarhöllinni? Munu Ármann og Þróttur fá tryggja aðstöðu í Þjóðarhöllinni?

19. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 25 mál MSS23020106

20. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka

2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 1020/2019. MSS23020163

21. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 14. mars 2023, þar sem minnisblað stýrihóps samgöngusáttmálans er sent borgarráði til kynningar. MSS23030099

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna því að ákveðið hafi verið að uppfæra framkvæmda- og kostnaðaráætlanir samgöngusáttmála, auk þess að undirbúningur við rekstraráætlanir verði hafinn, en einungis fáeinar vikur eru frá því meirihluti borgarstjórnar felldi tillögu Sjálfstæðisflokks þess efnis. Mikilvægt er að gera þær endurbætur á sáttmálanum sem nauðsynlegar verða til að tryggja farsæla framvindu og framkvæmd nauðsynlegra samgöngubóta í Reykjavík.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er ótrúlegt að meirihlutinn vildi ekki endurskoða samgöngusáttmálann eins og sum önnur sveitarfélög og einstaka fulltrúar í meirihluta brugðust við með hneykslun þegar tillaga þess efnis var lögð fram í borgarstjórn. Sú tillaga var felld. Nú hefur ráðuneytið tekið ákvörðun um að samgöngusáttmálinn verði endurskoðaður enda ærið tilefni til. Ekki er gott að átta sig á hvað olli svo sterkum viðbrögðum meirihlutans við þessari tillögu. Það er fjölmargt sem kallar á endurskoðun samgöngusáttmálans, t.d. umtalsverðar verðlagshækkningar sem orðið hafa undanfarið. Verðlag hefur hækkað um rúmlega 20 prósent síðan sáttmálinn var gerður sem hefur áhrif á allar fjárfestingar. Sveitarfélög hafa þess utan þrýst á og eru örugglega einhver uggandi. Spurning er vissulega hvort endurskoðun leiði til enn meiri tafa en ekki liggur fyrir hvenær borgarlína á að vera komin í gagnið. Samgöngur eru illa komnar í Reykjavík og á fólk erfitt með að koma sér milli staða. Endalausar umferðartafir með löngum bílaröðum. Reykvíkingar eru orðnir langþreyttir á aðgerðarleysi meirihlutans við að leysa umferðarhnúta t.d. með bættri umferðar- og ljósastýringu. Strætó gengur illa að þjónusta fólk, þar af leiðandi fækkar frekar í þeim hópi sem notar vagnana. Vandræði með Klapp, aksturslag bílstjóra og þjónustustig spilar þar stórt hlutverk.

22. Fram fer umræða um stöðu leikskólamála. MSS22010084

23. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Borgarráð samþykkir að móta umgjörð og skapa sveigjanleika svo vinnustöðum gefist kostur á að opna daggæslu, eða eftir atvikum leikskóla, fyrir börn starfsmanna. Unnið verði að aðlögun reglna um niðurgreiðslur og stofnstyrki vegna daggæslu í heimahúsum svo þær taki einnig til daggæslu á vinnustað. Lausnirnar verði í framhaldinu kynntar atvinnurekendum í Reykjavík og áhugasömum veittur stuðningur til að setja á fót slík úrræði á vinnustað. Þess yrði gætt að tryggja sömu niðurgreiðslur og gæðakröfur og almennt gilda fyrir daggæslu í heimahúsum eða sjálfstætt starfandi leikskóla. MSS22010084

Frestað.

24. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir tölum yfir þann fjölda starfsfólks í leikskólum og grunnskólum borgarinnar sem hefur þurft að fara í veikindaleyfi yfir síðustu 10 ár. MSS23030116

25. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að borgarráð samþykki að beina því til Strætó að það verði gert að skilyrði að bílstjórar strætó geti bjargað sér á íslensku og skilji málið nógu vel til að leiðbeina farþegum áður en þeir hefji störf sem strætóbílstjórar. Upp hafa komið samskiptavandamál í vögnunum vegna þess að bílstjóri hvorki skilur íslensku né jafnvel ensku. Dæmi eru um að bílstjóri geti með engu móti leiðbeint farþegum sem spyrja hvar best sé að fara úr vagninum til að komast á ákveðinn stað eða annað í þeim dúr. Dæmi eru um að bílstjóri hafi sjálfur verið óruggur um leiðina sem hann á að aka og að farþegar hafi þurft að leiðbeina honum. Skoða þarf þjónustustig Strætó ofan í kjölinn vegna fjölda ábendinga og kvartana og að hvað miklu leyti farið er eftir þjónustustefnunni. MSS23030118

Frestað.

- Kl. 11:00 tekur Einar Þorsteinsdóttir sæti á fundinum að nýju.

26. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum um eftirfarandi málefni Strætó: Hvernig er fyrirkomulag afhendingar skiptimiða í strætó? Ábendingar hafa borist að ekki sé samræmi í skiptamiðaafhendingu, að ekki sé hægt að treysta því að fá skiptimiða, stundum sé því einfaldlega hafnað. Á heimasíðunni stræto.is eru engar skýringar né reglur um þetta að finna. Hvernig eru reglurnar og eru allir bílstjórar meðvitaðir um þær? Hvernig er upplýsingum um strætóferðir og fleira komið til notenda strætó? Hér er t.d. átt við upplýsingar um leiðir, sem dæmi hvaða bílar aki niður í miðbæ frá Hlemmi og hvar þeir vagnar bíða á Hlemmi (Hlemmur hefur fjórar hliðar og svo eru þar aukabiðstöðvar til hliðar). Hefur Strætó fengið leyfi til að kalla eftir og geyma persónuupplýsingar þegar nemandur kaupir nemakort? Framhaldsskóla- og háskólanemendur geta fengið nemakort og við kaupin veita þeir strætó aðgang að persónulegri síðu nemenda. Stenst það persónuverndarlög að umsækjandi um nemakort skili inn staðfestingu á því að hann hafi greitt skólagjald? MSS23030117

27. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort fjármögnun Laugardalshallarinnar verði breytt þegar Þjóðarhöll er risin, þannig að hún verði þá ekki í útleigu heldur aðeins nýtt fyrir skólana í dalnum og íþróttafélögin. Aðstöðuleysi hefur háð félögunum í Laugardal um langa hríð en borgarstjóri hefur sagt að með nýrri þjóðarhöll, sem stefnan er að risi í Laugardal árið 2025, muni Ármann og Þróttur geta haft Laugardalshöll út af fyrir sig. Þau muni svo hafa aðgang að þjóðarhöll einnig. Þetta hefur komið fram í fjölmiðlum í viðtali við borgarstjóra. Í sameiginlegri ályktun aðalstjórna Þróttar og Ármanns vegna frumathugunar framkvæmdanefndar um Þjóðarhöll í síðasta mánuði kemur fram að aðstöðuvandi hverfisfélaganna sé bráðamál sem þolir enga bið. Settir eru fyrirvarar við þá hugmynd að Þjóðarhöll leysi aðstöðuvanda félaganna. Óttast er að ný þjóðarhöll muni ekki anna þörf fyrir æfingatíma barna, unglinga og meistaraflokka og muni þurfa að víkja fyrir annarri starfsemi í höllinni rétt eins og staðan sé nú og hafi verið síðustu áratugi varðandi Laugardalshöll. Það sé óviðunandi fyrir félögin. Frá áramótum hafi alls 32 æfingadagar fallið niður í Laugardalshöll. MSS22050013

28. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Neyðarástand ríkir í leikskólamállum Reykjavíkurborgar. Loforð um leikskólalátt hafa ítrekað verið svikin. Leikskólaláttum hefur fækkað. Til stendur að loka alls 25 af 67 leikskólum næsta skólaár. Foreldrar eru í áfalli og miklir erfiðleikar blasa við þeim. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsingar um hvernig meirihlutinn hyggst bregðast við þessu ófremdarástandi. Stendur til að samþykkja tillögu Flokks fólksins um heimgreiðslur/styrki sem einn af valmöguleikunum í því úrræðaleysi

sem nú ríkir? Hyggst meirihlutinn samþykkja tillögu Flokks fólksins um að styrkja dagforeldrakerfið til að mæta þessu ástandi? MSS22010084

29. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti á fundi sínum 15. mars sl. að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna þjóðarhallar í Laugardal. Munu nemendur og félag Laugardalsins fá tryggja íþrótt- og æfingaaðstöðu í þjóðarhöllinni? Munu Ármann og Þróttur fá tryggja aðstöðu í þjóðarhöllinni? Miklar áhyggjur eru af samnýtingu þjóðarhallar og finnst íþróttafélögum, skólayfirvöldum, foreldrum og börnum mikil óvissa um hvort þau fái tryggja notkun/aðstöðu af höllinni fyrir sína starfsemi, lögbundna (skólaíþróttir) sem aðra. Ekki hefur verið rætt við skólayfirvöld eða foreldra barna í Laugardal nýlega og þau hvorki spurð né boðið að borðinu þegar rætt er um samnýtingu þjóðarhallar. Fyrir liggur yfirlýsing frá aðalstjórn Þróttar og Glímufélagsins Ármanns þar sem fram kemur að mannvirkið eins og það er kynnt muni ekki leysa aðstöðuvanda íþróttafélaganna í dalnum. Það mun ekki anna þörf hverfisfélaganna fyrir æfingatíma fyrir börn, unglínga og meistaraflokka né æfingar félagsfólks og barna. Óttast er að félag sem hér eru nefnd muni mæta afgangi ef fram fer sem horfir. Flokkur fólksins spyr hvort ekki eigi að ræða við þessa aðila til að létta á áhyggjum þeirra. Það verður að tryggja aðstöðu hverfafélaganna í Laugardal enda um bráðamál að ræða. MSS22050013

Fundi slitið kl. 11:05

Einar Þorsteinsson

Alexandra Briem
Hildur Björnsdóttir
Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir
Pawel Bartoszek
Sanna Magdalena Mörtudóttir